

Pavo Colostrum folaldabroddur

Fyrsta mjólkinn úr hryssu eftir köstun nefnist broddur, broddmjólk eða „colostrum“ á ensku. Broddmjólkinn inniheldur hátt hlutfall mótefnavaka sem verja folaldið sýkingum og kvillum á fyrstu mánuðum æviskeiðsins.

Því miður kemur það fyrir að hryssur deyja eða veikjast alvarlega, við eða eftir köstun. Æskilegt er að reyna að mjólka brodd úr hryssunni eins og kostur er og gefa folaldinu með þela.

- Ef upp koma tvísýnar aðstæður við köstun þá ætti undantekningalaust að leita til dýralæknis. Hér getur hver mínúta skipt sköpum varðandi það að auka lífslíkur hryssu og folalds.

Leiðbeiningar

1. skref: Lögun á 1 lítra af folaldamjólki

1. Notið pott sem rúmar a.m.k. 1 lítra.
2. Setjið 300 ml af köldu vatni í pottinn.
3. Bætið í pottinn 400 ml af sjóðandi vatni. Samtals gefur þetta 700 ml af blöndu með um 60°C heitu vatni.
4. Skammtið 1 mæliskeið (= 100 grömm) af Pavo folaldamjólkurdufti eða Sprayfo folaldamjólkurdufti og hrærið þar til blandan er að fullu uppleyst.
5. Bætið við 300 ml af köldu vatni og hrærið viðstöðulaust. Þetta gefur 1 lítra af volgri mjólkurblöndu (um 40°C heit).

2. skref: Lögun á broddi.

- Um leið og hrært er viðstöðulaust í folaldamjólkurblöndunni, setjið allt innihald úr einu bréfi af Pavo Colostrum broddi (= 150 grömm) út í 1 lítra af volgri folaldamjólkurblöndunni. Hrærið þar til duftið er að fullu uppleyst.

3. skref: Broddmjólkurblandan gefin.

- Gerið lítið gat á túttuna sem fylgir með í S.O.S. neyðarpakkanum eða notist við þar til gerðan þela og túttu.
- Gefið um 250 ml af volgri broddblöndunni (um 40°C heitri) á hverri klukkustund og geymið í pelanum á milli.

Endurtakið skref 1-3 til blöndunar á öðrum skammti af broddmjólkurblöndu.

Eftir gjöf á öðrum skammti af broddmjólki skal hefja fóðrun með venjulegri folaldamjólkurblöndu eingöngu (sjá nánari leiðbeiningar með [Sprayfo folaldamjólki](#)).

Gagnlegir punktar varðandi blöndun:

- Við mælum með að broddmjólkurblöndunni sé haldið volgri í vatnsbaði eða hún hituð í vatnsbaði. Gerið þetta með því að setja skál eða pott sem rúmar minnst 1 líter í vatnsbað í stærri potti með heitu vatni. Vatnsbaðið hindrar að mjólkinn ysti eða brenni en gætið þess að hita vatnið ekki um of.
- Broddmjólk eða broddmjólkurblöndu má aldrei hita í örbylgjuofni þar sem slík hitun getur skemmt mótefnavaka í blöndunni og eyðilaggt verndandi eiginleika hennar. Hinsvegar má hita folaldamjólkurblöndu í örbylgjuofni.

Gagnlegir punktar varðandi gjöf:

- Ef folaldið tekur illa við broddmjólkurblöndunni má prófa að örva lyst þess með því að sáldra örlitlum sykri á tungu þess.
- Þvingið folaldið ekki til að drekka með því að halla haus þess aftur. Þessi staða hindrar eðlilegt kyngingarviðbragð og hætta er á að mjólkinn endi ofan í lungum þess.
- Gefið ekki meira en 500 ml á klukkustund. Of mikil gjöf getur leitt til meltingarvandamála.
- Viðhafið hámarkshreinlæti og þvoið hendur fyrir blöndun á mjólk og þrífið túttu, flösku og önnur áhöld vandlega eftir notkun.